

220. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 29. janúar 2024, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: Sigurður Halldór Árnason og Arnar Kristjánsson

Mætt frá starfshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis í Dölum: Sigurður Rúnar Friðjónsson formaður, Halla Steinólfsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson og Kjartan Ingvarsson.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður Breiðafjarðarnefndar setti fund kl. 12.05.

1. Fundur Breiðafjarðarnefndar og starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um eflingu samfélagsins í Dölum

Í upphafi kynntu fundarmenn í Breiðafjarðarnefnd og starfshópnum sig hver fyrir öðrum. Því næst ræddi Erla Friðriksdóttir um starfsemi Breiðafjarðarnefndar á síðustu árum. Erla lagði áherslu á vinnu nefndarinnar vegna „Framtíðar Breiðafjarðar“¹ sem hófst árið 2019 og leiddi til stofnunar stýrihóps um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðróun, sem settur var á fót árið 2021. Þeim stýrihópi, sem Erla situr í og Jakob Stakowski starfaði með fram á mitt ár 2023, var falið að stýra vinnu þar sem greint er verndargildi svæðisins og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins á svo að leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar². Stýrihópurinn er enn starfandi en mun skila niðurstöðum til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Erla sagði frá því að ráðherra hefði kvatt Breiðafjarðarnefnd til að hefja samtal við starfhópinn í Dölum til að ræða áform um eflingu samfélags þar, á þeim sviðum sem tengjast starfsemi Breiðafjarðarnefndar.

Sigurður Rúnar Friðjónsson kynnti vinnu starfshópsins í Dölum. Markmið starfshópsins er að leggja fram tillögur sem m.a. snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun og flutningskerfi raforku. Jafnframt verði hugað að stofnun þjóðgarðs á svæðinu, minjavernd, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu³.

Breiðafjarðarnefnd og starfshópur í Dölum ræddu markmið vinnunnar í Dölum og hvernig þau tengjast verndarsvæði Breiðafjarðar og starfsemi Breiðafjarðarnefndar. Ljóst er að vinna Breiðafjarðarnefndar, stýrihóps um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðróun og starfshóps í Dölum eiga að hluta til við um sama svæðið og hafa sömu markmið.

¹ Breiðafjarðarnefnd. (2021). <https://www.breidafjordur.is/framtid-breidafjarðar/>

² Stýrihópur vegna verndarsvæðis Breiðafjarðar. (2022). <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=c35ecbc9-a6d6-11ec-8147-005056bcf582>

³ Unnið að eflingu samfélagsins í Dalabyggð. (2023). <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/11/28/Unnid-ad-eflingu-samfelagsins-i-Dalabyggd/>

Báðir aðilar leggja áherslu á að efla samstarf milli hópanna þriggja til að samræma vinnu sem öll heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Ákveðið var að lokum að halda sambandi um framgang mála. Fundur í dag var hugsaður sem staðarfundur en vegna veðurs þurfti að breyta honum í fjarfund. Báðir aðilar voru sammála um að það væri æskilegt að koma saman á staðarfundi áður en starfshópurinn í Dölum skilar niðurstöðum sínum til ráðherra.

2. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður í fjarfundi þann 5. febrúar kl.13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.45.